



Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

117. fundur skóla- og frístundaráðs, 5. apríl 2017, [sjá fundargerð](#)

14. liður

Um meðferð eineltismála.

Á [98. fundi](#) skóla- og frístundaráðs í ágúst var fjallað um meðferð eineltismála í skóla- og frístundastarfi. Skóla- og frístundaráð beindi því til borgarráðs að samþykkt verði að fenginn verði óháður aðili til að fara yfir verkferla starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna.

- Hver er staðan á þessari vinnu?
- Var þetta samþykkt?
- Er óháð úttekt farin í gang?

Á skóla- og frístundasviði er starfandi ráðgjafi foreldra og skóla, skv. heimasíðu Reykjavíkurborgar vinnur hann að úrlausn eineltismála í samstarfi við foreldra og stofnanir Reykjavíkurborgar.

- Er haldið utan um skráningar vegna erinda foreldra, fjölda þeirra og eðli, annars vegar til ráðgjafa foreldra og skóla og hins vegar til sviðsins í heild.
- Eru skráningar tengdar einstökum skólum?